



Aðalfundur Almannaheilla

6. júní 2019, kl. 16-18 í húsnæði Krabbameinsfélagsins á 4. hæð

Mættir til fundarins voru 15 manns frá 11 félögum sem eiga aðild að Almannaheilum.

Ketill formaður Almannaheilla setti fundinn og bar upp tillögu að fundarstjóra og ritara. Samþykkt samhljóða.

Dagskrárliðir fundarins eru samkvæmt nr. er hér koma á eftir með bókunum hvers liðar.

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara

Fundarstjóri: Helgi Gunnarsson, fjármálastjóri UMFÍ

Fundarritari: Þóra Þórinsdóttir

2. Ávarp: Þórdís Kolbrún R. Gylfadóttir ferðamála-, iðnaðar- og nýsköpunarráðherra

Hún þakkaði framlag 3ja geira félögum til samfélagsins og Katli sérstaklega fyrir góða nálgun og samvinnu við frumvarpið sem nú liggur fyrir þinginu en ekki er ljóst hvort næst að afgreiða nú en hún lofaði afgreiðslu þess á haustþingi þannig að það væri orðið að lögum á árinu þar sem mikill stuðningur væri við það á Alþingi. Hún talaði um þá breidd í umfangi og þekkingu sem liggur hjá almannaheillafélögum og að áhugavert væri að fá að sjá hver verðmiðin væri á framlagi þeirra til samfélagsins alls og ekki sýst hvað ríkið nytli krafta þeirra sem ekki væri greitt úr ríkiskassanum. Hún talaði einnig um mikilvægi þess að grasrótin fengi að dafna er leiddi til almannaheilla.

3. Staðfesting á nýjum aðildarfélögum

Umsókn IOGT að samtökunum sem afgreidd hefur verið jákvætt frá stjórn félagsins eftir skoðun var samþykkt samhljóða og skoðast því samtökin nú sem eitt aðildarfélag Almannaheilla.

4. Skýrsla stjórnar um nýliðið starfsár og starfið framundan

Ketill Berg Magnússon, formaður Almannaheilla mun flytja skýrslu stjórnar svohljóðandi:

Skýrsla stjórnar Almannaheilla, samtaka þriðja geirans, fyrir starfsárið júní 2018 til maí 2019

Almannaheill, samtök þriðja geirans, voru stofnuð 26. Júní 2008 eftir talsvert undirbúningsstarf og hafa því starfað í tíu ár. Stofnaðilar voru tólf félög og sjálfseignarstofnanir sem starfa að almannaheill og markmiðið að vinna að sameiginlegum hagsmunamálum. Fyrir aðalfund samtakanna 6. júní 2019 voru eftirtalin félög og sjálfseignarstofnanir aðilar að Almannaheilum:

1. ADHD samtökin
2. Bandalag íslenskra skáta
3. Barnaheill – Save the children á Íslandi
4. Blátt áfram
5. Blindrafélagið, samtök blindra og sjónskertra á Íslandi
6. Einstök börn
7. Félag íslenskra bifreiðaeigenda (FÍB)
8. Félag Lesblindra á Íslandi
9. FRÆ Fræðsla og forvarnir
10. Geðhjálp



almannaheill
samtök þriðja geirans

11. *Gróður fyrir fólk í Landnámi Ingólfs*
12. Heimili og skóli - landssamtök foreldra
13. Hjartavernd
14. Hjálparstarf kirkjunnar
15. Krabbameinsfélag Íslands
16. Kvenfélagasamband Íslands
17. Kvenréttindafélag Íslands
18. Landssamband eldri borgara
19. Landvernd, landgræðslu- og umhverfisverndarsamtök Íslands
20. Landssamtökin *Proskahjálp*
21. Neytendasamtökin
22. Norræna félagið
23. Móðurmál - samtök um tvítyngi
24. Samtök áhugafólks um áfengis- og vímuefnavandann (SÁÁ)
25. Samtök sparifjáreigenda
26. Skógræktarfélag Íslands
27. Styrktarfélag krabbameinssjúkra barna
28. Styrktarfélag lamaðra og fatlaðra
29. Umhyggja, félag til stuðnings langveikum börnum
30. Ungmennafélag Íslands
31. Vímlaus æska
32. Vinir Vatnajökuls
33. Öryrkjabandalag Íslands

Stjórn Almannaheilla 2018-2019

Eftirtaldir skipuðu stjórn og varastjórn Almannaheilla eftir aðalfundinn 26.5.2016:

Aðalstjórn:

- | | |
|------------------------------|--|
| 1. Ketill B. Magnússon | Heimili og skóli, formaður |
| 2. Þóra Þórarinsdóttir | Ás styrktarfélag/Proskahjálp, varaformaður |
| 3. Jónas Guðmundsson | Neytendasamtökin, gjaldkeri |
| 4. Ragnheiður Sigurðardóttir | UMFÍ, ritari |
| 5. Guðlaug B. Guðjónsdóttir | Krabbameinsfélag Íslands |
| 6. Hildur Helga Gísladóttir | Kvenfélagasamband Íslands |
| 7. Steinunn Hrafnadóttir | Fræðasetur þriðja geirans |

Varastjórn:

- | | |
|------------------------------|---------------------------|
| 1. Árni Einarsson | FRÆ |
| 2. Ásdís Eva Hannesdóttir | Norræna félagið |
| 3. Erna Reynisdóttir | Barnaheill |
| 4. Erna Arngrímsdóttir | Öryrkjabandalagið |
| 5. Guðrún Helga Bjarnadóttir | Blátt áfram |
| 6. Vilhjálmur Bjarnason | Samtökum sparifjáreigenda |



Ketill Berg Magnússon var kjörinn formaður stjórnarinnar, en samkvæmt lögum samtakanna skipar hún að öðru leyti sjálf með sér verkum. Á fyrsta fundi stjórnar eftir aðalfund var ákveðið að Þóra Þórarinsdóttir gegndi störfum varaformanns, Jónas Guðmundsson störfum gjaldkera og Ragnheiður Sigurðardóttir störfum ritara.

Haldið var þeirri venju að boða bæði aðalstjórn og varastjórn á alla stjórnarfundi. Stjórnin hélt ellefu bókaða fundi á árinu.

Verkefnahópar stjórnar

Öll starfsemi Almannaheilla er unnin í sjálfboðavinnu. Til þess að skipuleggja starfið kom stjórnin saman í ágúst á vinnufundi, setti niður verkefnaáherslur og skipti með sér verkum. Ákveðið var að vinna áfram í þremur verkefnahópum þar sem einn hópur einbeitti sér að lagafrumvarpi um almannaheillafélög, annar hópur vann að sýnileika og viðburðum og þriðji hópurinn vann að fræðslu. Stjórnarfolk vann að einstökum verkefnum og gerð var grein fyrir verkefnastöðunni á stjórnarfundum.

Fjölgun aðildarfélaga

Þrjú ný félög sóttu um aðild að Almannaheillum á árinu. Inntökunefnd er að meta umsóknir þeirra og kanna hvort þau standist þær kröfur sem getið er um í samþykktum almannaheilla.

10 ára afmæli Almannaheilla – og Fyrirmynd – gæðaverðlaun félaga

Almannaheill fögnuðu 10 ára afmæli sínu með hátíðarviðburði þann 7. nóvember 2018. Eftir stutt ávarp formanns Almannaheilla afhenta forseti Íslands viðurkenninguna Fyrirmynd 2018 sem veitt var félagasamtökum til almannaheilla sem þótt hafa starfað af fagmennsku og skipuleggt starfsemi sína með gagnsæi, skilvirkni með góða þjónustu og siðferði að leiðarljósi.

Fyrirmyndina 2018 hlaut Geðhjálp og tók Hrannar Jónsson, formaður þeirra, við viðurkenningunni fyrir hönd félagsins. Hrannar sagði þetta mikinn heiður og væri hann stoltur að taka við þeim.

Margar góðar tilnefningar bárust og skoðaði dómnefndin starfsemi þeirra auk annarra sem hún taldi sjálf koma til greina. Við valið voru notaðir þeir matsþættir sem kynntir höfðu verið í auglýsingum en þeir eru:

- **Stjórnarhættir** – eru samþykktir félagsins og stjórnun lýðræðisleg og fagleg?
- **Gæðastarf** – starfar félagið í samræmi við hlutverk sitt og eru gæði starfseminnar metin reglulega?
- **Rekstur** – er stefnumótun og stjórnun skýr og vel framsett og er fjármálastjórnun gagnsæ?
- **Mannauðsstjórnun** – er skipulag starfsmanna og sjálboðaliða góð þ.m.t. fræðsla og efling fagvitundar?
- **Tengsl og áhrif í samfélaginu** – samstarf við aðra, velvild í garð þess og sýnir það samfélagsábyrgð?

Í rökstuðningi dómnefndar segir að starfsemin sé skipulögð og val þess á verkefnum og útfærsla þeirra ber með sér að félagið vinnur afar faglega. Sérstaklega er tekið eftir að upplýsingar um fjármál



félagsins eru aðgengilegar öllum, en félagið birtir ársreikninga sína á vefnum. Góður árangur félagsins birtist í velvild og trausti sem það hefur meðal þeirra sem þau starfa fyrir, stuðningaðilum og samstarfsaðilum.

Frumvarp til laga um félagasamtök til almannaheilla

Stjórn Almannaheilla lagði til við ferðamála-, nýsköpunar- og iðnaðarráðherra, að fyrirbyggjandi frumvarp um félög til almannaheilla yrði endurskoðað með að að markmiðið að ráðherra myndi leggja það fram á yfirstandandi þingi.

Ráðherra samþykkti boð Almannaheilla um að samtökin myndu leggja til breytingar á frumvarpinu. Vinnuhópur stjórnar Almannaheilla fékk til liðs við sig Rögnu Árnadóttur, sem hafði verið formaður nefndarinnar sem vann upphaflega frumvarpið. Saman voru sniðnir agnúar af frumvarpinu og tillögur kynntar fyrir ráðherra og starfsfólki ráðuneytisins. Ráðherra lagði í kjölfarið fram nýtt frumvarp um félög til almannaheilla og er það nú í meðferð efnahags- og viðskiptanefndar.

Af þeim umsögnum sem borist hafa um frumvarpið frá ýmsum félagasamtökum er ljóst að þetta er málefni sem félögum þykir mikilvægt. Formaður Almannaheilla mætti á fund nefndarinnar og ræddi kosti frumvarpsins og þau sjónarmið sem fram hafa komið. Enn er það skoðun Stjórnar Almannaheilla að umrætt frumvarp um félög til almannaheilla sé til mikillar bóta fyrir almannaheillafélög, þeirra sem njóta þjónustu þeirra, almenning í landinu og opinbera jafnt sem einkaaðila sem styrkja almannaheillafélög.

Fundur fólksins – Lýsa lýðræðishátíð

Fundur fólksins var haldinn í fjórða skiptið árið 2018, og í annað skiptið í Hofi á Akureyri 7. og 8. september. Samið var við Menningarfélag Akureyrar um að sjá um framkvæmdina. Þótti hann afar vel heppnaður Velferðaráðuneytið styrkti verkefnið um kr. 4 m.kr. og Akureyrbær um 2 m.kr. Könnun meðal þátttakenda sýndi að mikil ánægja var með fundinn. Á haustmánuðum ákvað stjórn Almannaheilla að samja að nýju við MAK um að halda hátíðina aftur á Akureyri árið 2019

Kynning á erfðafjargjöfum

Almannaheill er að undirbúa samstarf við nokkur almannaheillafólk um kynningarefni til almennings um þá möguleika sem felast í erfðafjargjöfum til almannaheillasamtaka og skattaafslætti sem því fylgir. Verður það kynnt á næstu mánuðum.

Fræðsla fyrir stjórnendur þriðja geirans

Opni háskólinn skipulagði að beiðni Almannaheilla fræðsludagskrá fyrir stjórnendur þriðja geirans. Fræðslan hófst haustið 2017 og var í sjö hlutum, alls 56 klst. um hagnýta þætti stjórnunar í félagagasamtökum. Þessi fyrsta námsbraut gekk mjög vel. Ákveðið var að bjóða aftur uppá fræðslulínuna haustið 2019 og hefur námið verið styt og kostnaðurinn lækkaður til að koma betur til móts við almannaheillafélög.

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna og almannaheillafélög



almannaheill
samtök þriðja geirans

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna eru 17 skýr markmið í þágu mannkynsins, jarðarinnar og hagsældar. Í nóvember 2018 gerðu Almannaheill og verkefnastjórn stjórnvalda um markmiðin með sér samkomulag um að Almannaheill kynni Heimsmarkmiðin fyrir félagasamtökunum.

Í þessum tilgangi stóðum við fyrir opnum kynningarfundum á heimsmarkmiðunum og félagasamtökum þann 13. febrúar 2019. Þátttaka var góð og þar voru ýmis félög hvernig þau geta lagt sitt af mörkum og fléttað heimsmarkmiðin inn í daglega starfsemi sína.

Staða Almannaheilla

Mikið hefur áunnist í starfi Almannaheilla á síðastliðnu ári. Frumvarp um félög til almannaheilla er í meðferð þingsins, 10 ára afmæli Almannaheilla, gæðaverðlaunin Fyrirmynd, Fundur fólksins, Lýsa.

Við erum styrkari í okkar sýn að Almannaheill geti orðið sterk rödd og sameiginlegt afl fyrir almannaheillafélög í landinu.

Brýn verkefni bíða okkar. Vinna þarf að hagfeldara skattaumhverfi fyrir almannaheillasamtök. Má þar nefna skattaafslátt til einstaklinga fyrir gjafir til almannaheillafélaga. Eins viljum við fella niður VSK af aðföngum til reksturs almannaheillafélaga.

Frumvarpið um almannaheillafélög er í raun sáttmáli um starfsemi almannaheillasamtaka þar sem lagðar eru fram megin línur um hvaða eðlilegu skyldur og réttindi þurfa að gilda um slík félagasamtök. Er þar bæði átt við að lýðræðislegir starfhættir séu viðhafðir en einnig að faglega og á vandaðan hátt sé haldið utan um fjármál og önnur gæði sem samtökunum eru fengin. Umsagnir félaga á borð við KSÍ og Íþróttta- og Ólympíusambandsins benda til þess að enn eigum við nokkuð í land með að afla félaga undir merki Almannaheilla. Það verk býður næstu stjórn.

Þar sem ég hyggst ekki bjóða mig fram aftur í stjórn Almannaheilla vil ég nota tækifærið og þakka samstarfsfólki mínu í stjórn Almannaheilla og öllu því góða fólki í aðildarfélagunum fyrir einkar ánægjulegt og gefandi samstarf. Ég hef lært mikið af ykkur og eignast góða vini. Bestu þakkir fyrir mig.

Reykjavík, 6. júní 2019

Ketill Berg Magnússon, formaður Almannaheilla

5. Skýrsla um fjárhag samtakanna og fjárhagsáætlun

Þar sem gjaldkeri samtakana Jónas Guðmundsson hafði ekki tök á að vera á fundinum las Ketill eftirfarandi skilaboð frá honum á fundinum:

Kæru aðalfundargestir;

Ársreikningarnir fyrir 2018 sýna ekki miklar fjárhagslegar breytingar á starfsemi Almannaheilla frá árinu áður.



Tekjur ársins voru svipaðar og árið áður; útgjöld voru hins vegar lægri. Rekstrarafkoman varð því betri, sem nam um einni milljón kr.

Eins og árið 2017 voru tekurnar aðallega af tvennum rótum; annars vegar félagsgjöld, sem voru óbreytt fyrir hvert aðildarfélag frá árinu áður, en félögunum fjölgaði lítið eitt. Hins vegar var 4 milljóna stuðningur velferðarráðuneytisins við fund fólksins. Samtals námu tekjur um 5,8 milljónum kr.

Útgjöldin námu 4,3 milljónum og voru 800 þús. kr. lægri en árið áður. Munaði þar mest um að kostnaður við málþing varð mun lægri og kostnaður við útgefið efni varð enginn á árinu 2018. Niðurstaða rekstrarreiknings varð því jákvæð sem nam um 1,6 milljón króna.

Bankainnistæður Almannaheilla jukust samsvarandi um 1,6 milljónir á árinu og námu rúmlega 6,3 milljónum í árslok.

Niðurstaðan er því þessi: fjárhagur Almannaheilla hefur aðeins styrkt á milli áranna 2017 og 2018. Það veitir stjórn samtakanna betra svigrúm til að láta til sín taka við eflingu hags þriðja geirans á komandi tíma.

Uppsetning ársreikningsins annaðist, eins og undanfarin ár, bókhaldsfyrirtækið Bókhald og kennsla. Félag skjörnir skoðunarmenn reikninga hafa yfirfarið ársreikninginn, haft fullan aðgang að fylgiskjölum úr bókhaldi samtakanna--og ekkert fundið athugavert.

Jónas Guðmundsson

Í framhaldi af lestrinum gerði hann stutta grein fyrir reikningnum.

6. Umræður um skýrslur og afgreiðsla ársreiknings

Fyrirspurn kom um áritun stjórnar á reikningnum þar sem dreift var eintaki sem ekki hafði verið áritað. Fram kom að stjórn hafði áritað reikninginn á síðast stjórnarfundi og staðfesti Einar Haraldsson annar skoðunarmanna reiknings að svo væri sem og sína undirritun. Fram kom og áréttað var að mikilvægt væri að samtökunum verði kleift að ráða sér starfsmann sem fyrst og þá jafnvel með styrk frá ríkinu til þess enda starf þeirra mikilvægt. Einar Haraldsson tók til máls og áréttaði þetta mikilvægi sem og þess að vinna með breytingu á vask endurgreiðslu til 3ja geira samtaka. Nefnd er að störfum í þessu er í sitja m.a. Wilhelm Þór, Óli Björn, Lovísa og fleirri.

Að umræðu lokinni bar fundarstjóri upp reikning samtakanna sem samþykktur var samhljóða.

7. Kosning stjórnar og skoðunarmanna

Framboðshvatning (uppstillinganefnd) skipuðu: Jón Pálsson, formaður; Ólafur Proppé og Auður Inga Þorsteinsdóttir. Nefndin skilaði eftirfarandi tillögum:

Stjórn

Jónas Guðmundsson, formaður (Neytendasamtökin) kjörinn sérstaklega til árs (2019 – 2020)
Guðlaug B. Guðjónsdóttir (Krabbameinsfélag Íslands), kjörin til tveggja ára 2018 (2018 – 2020)
Ragnheiður Sigurðardóttir (UMFÍ), kjörin til tveggja ára 2018 (2018 – 2020)
Halldór Sævar Guðbergsson (ÖBÍ), í kjöri til eins árs (2019 – 2020)



Ómar Hlynur Kristmundsson (Fræðasetur þriðja geirans HÍ), í kjöri til tveggja ára (2019 – 2021)
Vilmundur Gíslason (Proskahjálp), í kjöri til tveggja ára (2019 – 2021)
Guðrún Helga Bjarnadóttir (Barnaheill / Blátt áfram), í kjöri til tveggja ára (2019 – 2021)

Varastjórn (kjörin til eins árs) (2019 – 2020)

Árni Einarsson (FRÆ)
Ásdís Eva Hannesdóttir (Norræna félagið)
Halldór Auðar Svansson (Geðhjálp)
Hildur Helga Gísladóttir (Kvenfélagasamband Íslands)
Hrannar B Arnarson (ADHD samtökin)
Hrefna Sigurjónsdóttir (Heimli og skóli)
Vilhjálmur Bjarnason (Samtök sparifjáreigenda)

Skoðunarmenn reikninga

Einar Haraldsson (UMFÍ)
Jónas Þórir Þórisson (Hjálparstarf kirkjunnar)

Uppstillinganefnd til næstu tveggja ára

Jón Pálsson, fyrrum stjórnarmaður í Almannaheillum, formaður
Auður Inga Þorsteinsdóttir, framkvæmdastjóri UMFÍ
Ólafur Proppé, fyrrum formaður Almannaheilla

Fundarstjóri stjórnaði kjöri þar sem hver liður var borin upp sér og voru hver og einn samþykktur með lófataki án mótframboða sem kallað var eftir en engin komu fram.

8. Ákvörðun um gjaldskyldu aðildarfélaga

Ketill mætti fyrir tillögu um óbreytt félagsgjald sem var og samþykkt.

9. Lagabreytingar

Engar tillögur um lagabreytingar hafa komið fram.

10. Önnur mál

Fjórir aðilar kvöddu sér hljóðs:

1. Guðrún Þórðardóttir frá Kvenfélagasambandi Íslands spurðist fyrir um fundargerðir á heimasíðu Almannaheilla og óskaði eftir að fá þær sendar eða geta náð þeim þar. Hún sagði einnig frá kerfi sem samtökin nota til að gera starf þeirra sýnilegra og met að verðleikum þeirra framlag.
2. Einar Haraldsson leggur til að ráðin verði starfsmaður til samtakana með stuðningi frá ráðherra málaflöksins.
3. Þóra Þórarinsdóttir er nú hættir í stjórn þakkaði fyrir sig og samstarf við fyrrum stjórnarliða og aðra félagsmenn. Hún áréttaði mikilvægi þess að settur verði verðmiði á framlag 3ja geira félaga til samfélagsins. Það auðveldaði félögunum að kynna sig og sitt mikilvægi í samfélaginu.
4. Hrefna Sigurjónsdóttir frá Heimili og skóli þakkaði Katli sérstaklega fyrir vel unnin störf.
5. Ketill Magnússon er nú hættir í stjórn þakkaði fyrir sig og samstarf í stjórn félagsins.

Fráfarandi formaður Ketill Magnússon sleit fundi kl. 17.18.